

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Á eftir 173. gr. komi ný gr., 173. gr. a, svofelld:

Hver, sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega sagnæman hátt, skal sæta fangelsi allt að 10 árum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem gegn ákvæðum nefndra laga framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt, sem greint er í 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta hefur hegningarlaganefnd samið í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og stendur það í nánnum tengslum við frv. til laga um ávana- og fíkniefni, sem flutt er samhliða þessu frv. Í greindu frv. um ávana- og fíkniefni eru ákvæði um bann gegn innflutningi, útflutningi og ýmiskonar meðferð á ávana- og fíkniefnum eða um takmarkaða heimild til notkunar slíkra efna, þ. e. samkvæmt lyfseðli eða lyfjaávisun o. fl. Í því frv. er ákvæði í 5. gr. um refsingu og eignarupptöku vegna brota á ákvæðum þess, ef að lögum verður. Með þessu frv. er stefnt að því að lögfest verði í almennum hegningarlögum refsíákvæði, sem feli í sér, að meiri háttar brot á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni verði við almenn hegningarlög. Með þessu er það viðhorf áréttað, að a. m. k. sérstaklega sagnæm brot gegn lögum þessum séu mjög alvarleg. Í texta frv. er því lýst, í hvaða tilvikum brot falli undir þetta refsíákvæði, en endranær á brot aðeins undir refsíákvæði laga um ávana- og fíkniefni. Yfirleitt munu refsíákvæðin útiloka hvort annað, en þess er þó að geta, að sum brot tiltekins manns geta varðað við síðargreindu lögin, en önnur tiltekin brot við refsíákvæði það, sem frv. þetta lýtur að.

Refsimörk eru hærrí samkvæmt frv. en nú er samkvæmt 6. gr. laga nr. 77/1970. Er þyngsta refsing 6 ár skv. síðargreindu lögunum, en lagt er hér til að þyngsta refsing verði 10 ár, og er þetta gert að fordæmi hinna Norðurlandanna.

Lagt er til, að grein þessari verði skipað í XVIII. kafla alm. hegningarlaga, enda má almennt telja, að brot þau, sem ákvæðið tekur til, hafi í för með sér almannahættu.

Þar sem talað er um „verulegt gjald“ í frumvarpsgreininni, er ljóst, að þar er ekki um hnitmiðað orðalag að ræða fremur en er í hliðstæðum lögum á Norðurlöndum, og veltur það á úrlausn dómstóla, hversu ákvæðið verði skýrt.

Orðin „á annan sérstaklega sagnæman hátt“ eru í samræmi við dönsku lögin um ávana- og fíkniefni. Með þeim er ákærvaldi og dómstólum veitt færi á að taka ýmis sjaldgæf eða ófyrirsjáanleg tilvik alvarlegum tókum, svo sem ef mjög hættuleg efni (heróín) er afhent einum tilteknum manni gegn vægu gjaldi eða hættuminni efni (kannabis) er gefið hörnum.

Fyrir brot gegn ákvæði því, er frv. fjallar um er ekki unnt að refsa, nema verk sé unnið af ásetningi, shr. 18. gr. alm. hegningarlaga. Hins vegar er lagt til í frv. til laga um ávana- og fíkniefni, 5. gr., að heimilt verði að refsa fyrir brot á þeim lögum, sem framin eru af gáleysi.

Með orðalaginu „mörgum mönnum“ er átt við það, að hér sé um nokkurn hóp manna að ræða og tíðast ótiltekinn.

Uppptökuákvæði er ekki í frumvarpsgreininni, en unnt er að beita eignarupptöku skv. lögum um ávana- og fíkniefni svo og 69. gr. alm. hegningarlaga.